



Starfsreglur

endurskoðunarnefndar

Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Febrúar 2023

1. gr.

Almennt

Nefndin starfar í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar og er skipuð af henni. Markmið nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila til að auka traust á öryggi á fjárhagslegum upplýsingum.

Ákvæði reglna þessara koma ákvæðum laga og samþykktum sjóðsins til fyllingar.

2. gr.

Skipan og hæfi endurskoðunarnefndar

Stjórn sjóðsins skal skipa endurskoðunarnefnd á fyrsta stjórnarfundum í kjölfar ársfundar og skal nefndin starfa fram að næsta ársfundi sjóðsins. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, þar af skulu tveir þeirra jafnframt vera stjórnarmenn í sjóðnum. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður sjóðnum. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar, ásamt því að hafa góða yfirsýn yfir rekstur sjóðsins. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Stjórn sjóðsins skipar formann nefndarinnar.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum sjóðsins og daglegum stjórnendum hans. Framkvæmdastjóri sjóðsins eða aðrir starfsmenn mega ekki eiga sæti í nefndinni, en sitja fundi með henni, eftir því sem nefndin telur þörf á.

3. gr.

Fundir

Nefndin skal hittast að lágmarki þrisvar sinnum á ári en oftast ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilt að óska eftir því að framkvæmdastjóri og/eða aðrir starfsmenn sjóðsins eða aðrir aðilar, sem hún telur ástæðu til að kalla til, mæti á fund nefndarinnar til að veita henni upplýsingar. Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Fundi nefndarinnar skal að jafnaði halda á starfsstöð sjóðsins en ella þar sem formaður ákveður og stýrir hann fundum nefndarinnar.

Fundargerðir skulu vera skriflegar og undirritaðar skriflega eða rafrænt af fundarmönnum. Heimilt er að fela starfsmanni að rita fundargerð.

4. gr.

Hlutverk og ábyrgð endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum.

Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- a. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila. Nefndin skal meta skilvirkni og áreiðanleika eftirlitsþátta í bókhaldi sjóðsins til að tryggja sem best að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur sjóðsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd að stöðu hans á hverjum tíma. Nefndin skal hafa eftirlit með hlítu við settar reikningsskilareglur. Nefndin skal fara yfir reikningsskil með skrifstofustjóra áður en þau eru samþykkt af stjórn. Nefndin skal tryggja að upplýsingagjöf til opinberra aðila sé með

- tryggjum hætti.
- b. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða. Nefndin fer yfir endurskoðunaráætlun innri endurskoðanda, niðurstöður vinnu hans og viðbrögð stjórnenda við þeim. Nefndin skal fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram kunna að koma í innri eftirliti.
 - c. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings sjóðsins. Nefndin fer yfir endurskoðunaráætlun endurskoðanda og fylgist með störfum þeirra. Við lok endurskoðunar ársreiknings skal nefndin funda með endurskoðanda sjóðsins og yfirfara með honum helstu niðurstöður vinnu hans.
 - d. Eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd annast samskipti við endurskoðendur sjóðsins og hefur eftirlit með störfum þeirra.
 - e. Leggja mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Nefndin yfirfer hvort endurskoðendur uppfylli ákvæði laga og reglna um óhæði í störfum sínum. Skal nefndin móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda árlega á að hann sé óháður sjóðnum.
 - f. Setja fram tillögur til stjórnar um val a innri og ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
 - g. Önnur málefni er varða endurskoðun og fjárhagsmálefni sjóðsins sem lög og samþykktir sjóðsins gera ráð fyrir að falli undir starfssvið nefndarinnar.

Nefndin skal kynna stjórn sjóðsins niðurstöðu starfa sinna og gefa álit um kannanir sínar og eftirlitsaðgerðir. Stjórn sjóðsins skal meta störf nefndarinnar og endurskoða starfsreglur hennar eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Heimildir endurskoðunarnefndar og aðgengi að gögnum

Við framkvæmd starfa sinna er mikilvægt að endurskoðunarnefnd hafi víðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum, innri og ytri endurskoðendum og getur nefndin óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá þeim er varða störf hennar.

6. gr.

Takmarkanir á hlutverk og ábyrgð

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum en ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á reikningsskilum og innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings sjóðsins og að fylgjast með virkni innri eftirlitsþátta.

Akureyri 15. febrúar 2023

Yfirfarið án breytinga 14. febrúar 2024

Undirritunarsíða

Dan Jens Brynjarsson

Arna Jakobína Björnsdóttir

Hanna Rósa Sveinsdóttir

Snæbjörn Sigurðarson

Gunnar Líndal Sigurðsson